

## SAMÞYKKT

### um fráveitu og rotþrær í Grundarfjarðarbæ.

#### I. KAFLI

#### Um fráveituna.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu og rotþrær í Grundarfjarðarbæ.

##### 2. gr.

Grundarfjarðarbær starfrækir fráveitu í Grundarfirði. Bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu sveitarfélagsins og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Skipulags- og byggingarfulltrúi fer með umsýjun og rekstur fráveitunnar í umboði bæjarstjórnar.

##### 3. gr.

Fráveita sveitarfélagsins veitir frárennsli sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn vatns- eða hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Grundarfjarðarbær á allar fráveitulagnir, þ.e. útrásir, stofnlagnir, safnræsi, fráveitutengingar, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna við lóðamörk. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar. Sveitarfélagið sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna og fráveitubúnaðar.

Óheimilt er að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi bæjarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrirmælum um gerð og legu fráveitna. Umsókn um tengingu fráveitu húseignar við fráveitu Grundarfjarðarbæjar skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla á hverjum tíma.

##### 4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á fráveitulögn. Skipulags- og byggingarfulltrúi fer með stjórn framkvæmda er fráveitu varðar og ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

##### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 799/1999, um meðhöndlun seyru.

##### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

## 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til niðursetningar rotþróar, safntanks eða sambærilegs búnaðar til sveitarfélagsins. Umsóknnum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð, staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 17. gr. Slík rotþró og lagnir eru eign húseiganda. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af skipulags- og byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar eru háðar samþykki heilbrigðisnefndar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Hreinsun fer fram á vegum Grundarfjarðarbæjar og skal heilbrigðisnefnd Vesturlands hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Leita skal umsagnar heilbrigðisnefndar varðandi verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist. Hreinsun er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Grundarfjarðarbæ er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd hreinsunar.

## 8. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 9. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

## 10. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun enda sé haft um það samráð við lóðarhafa. Grundarfjarðarbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 11. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins fitu frá veitingahúsum, mótuneytum eða matvæla-iðnaði, olíur, bensín, lífræn leysiefni, önnur spilliefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi framangreind efni, ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitukerfi. Grundarfjarðarbær getur krafist þess að viðurkenndum búnaði sé komið fyrir til að hindra að ofangreind efni komist í fráveitukerfi.

Um mengunarnarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarnarnir, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 12. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitunni flæði til baka um fráræsislagnir frá húseignum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir einstreymislokum á fráveituheimæð eða sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll á sinn kostnað.

## II. KAFLI

**Um fráveitu- og rotþróargjöld.**

## 13. gr.

Grundarfjarðarbær skal innheimta gjald fyrir tengingu við fráveitu sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 13. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

## 14. gr.

Af þeim fasteignum í sveitarfélaginu sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald skv. 14. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

## 15. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

## 16. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá skv. 15. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og skal sveitarfélagið láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Fráveitugjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri sammings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

## 17. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró og förgun seyru skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Bæjarstjórn setur og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, s.s. vegna barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Grundarfjarðarbær annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. seyrulösun úr rotþró, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Vesturlands annast eftirlit með starfsemi. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru. Meðhöndlun seyru er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 18. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, til að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur.

III. KAFLI

**Þvingunarúrræði og gildistaka.**

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmíst þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

20. gr.

Samþykkt þessi, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 234/2007, um fráveitu í Grundarfirði.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. ágúst 2014.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*